

HEST2GP05 – Hestamennska bóklegt III – Grunnþjálfun

Kennari: Áslaug Fjóra Guðmundsdóttir

Lýsing: Meginviðfangsefni áfangans er að kenna nemendum helstu þjálfunarhugtök og skilgreiningar sem liggja þeim að baki. Líffræði hestsins, og umhirðu hesta. Byggingu hestsins, hreyfifræði og mikilvægi góðs andlegs jafnvægis. Farið er ítarlegra í gangtegundir íslenska hestsins. Helstu þjálfunarstig klassískrar reiðmennsku og grunnatriði þjálfunar með tilliti til hreyfieðlis hestsins. Hvernig skal minnka misstyrk og fá hestinn samspora. Kynntar til sögunnar mismunandi vinnuaðferðir og nálgun við þjálfun hesta. Fimíæfingar og baugavinna, gildi og framkvæmd. Aðferðir við tölt- og stökkþjálfun. Þjálfunarslár og grunnatriði hindrunarstökk.

Forkröfur: HEST1GF05, REIM1GF05, FÓHE1GR03 (Eða HEM202 og REM203)

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu þjálfunarhugtökum og skilgreiningum sem liggja þeim að baki.
- muninn á andlegu jafnvægi og spennu hjá hestum.
- baugavinnu og að víkja.
- einföldum fimíæfingum og þjálfun þeirra (grunn), hliðargangsæfingum s.s. framfótasnúningi og krossgangi.
- mismunandi vinnuaðferðum og nálgun við þjálfun hesta.
- fjölbreyttri teymingarvinnu, hringteymingum og vinnu við hönd.
- taumsambandi og taumhaldi, helstu forsendum og notkun.
- öllum helstu ásetum forsendum þeirra og notkun.
- líffræði hestsins og umhirðu.
- byggingu hestsins og hreyfifræði.
- gangtegundum, eðli þeirra, hreyfistigum og vita hvað liggur til grundvallar gangtegundapþjálfun.
- stigskiptri þjálfun.
- misstyrk og hugtakinu samspora.
- brokkslám og hindrunarstökki.

Leikniviðmið:**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- tjá sig í ræðu og riti um áframhaldandi grunnatriði fagsins.
- leggja rétt mat á einfaldar aðstæður og taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi verklag.

Hæfniviðmið:**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- geta tjáð sig í ræðu og riti um fagið.
- miðla þekkingu sinni m.a. í ræðu og riti um helstu þjálfunarhugtök og skilgreiningar sem liggja þeim að baki.
- muninn á andlegu jafnvægi og spennu hjá hestum.
- baugavinnu og að víkja.
- einfaldar fimíæfingar og þjálfun þeirra (grunn), hliðargangsæfingar s.s. framfótasnúning og krossgangi.
- mismunandi vinnuaðferðir og nálgun við þjálfun hesta.
- fjölbreytta teymingarvinnu, hringteymingar og vinnu við hönd.
- taumsamband og taumhald, helstu forsendur og notkun.
- allar helstu ásetur, forsendur þeirra og notkun.
- líffræði hestsins og umhirðu.
- byggingu hestsins og hreyfifræði.
- gangtegundir, eðli þeirra, hreyfistig og vita hvað liggur til grundvallar gangtegundapjálfun.
- stigskipta þjálfun.
- misstyrk og hugtakið samspora.
- brokkslár og hindrunarstökk.

Námsmat:

Námsmat er fjölbreytt og felst meðal annars í ritgerðum og ýmsum verkefnum, prófum, jafningjamati og sjálfsmati.

Námsefni: Knapamerki 3 (nýja útgáfan / gormabók) Efni frá kennara: ljósrit, glærur, efni af netinu, kennslu myndbönd og fleira.

Sérreglur áfangans:

Áfanginn er símatsáfangi og þarf nemandi að ná að lágmarki 4,5 í lokaprófi til að standast áfangann. Skylaskylda er á öllum verkefnum í áfanganum, nemandi sem ekki skilar verkefni fær 0 fyrir viðkomandi verkefni. Ef nemandi er fjarverandi í þeim tíma sem verkefni eða próf er lagt fyrir þarf

nemandi að leitast sjálfur eftir að fá að taka verkefnið/prófið seinna. Ef nemandi fer út úr tíma lengur en 10.mín gildir það jafnt og fjarvist (F) fyrir tímann. Nauðsynlegt er að nemendur hafi tölvu í náminu og ætlast er til að verkefni séu unnin á tölvu og skilað á Innu eða útprenntuðu ef það á við. Ekki er liðið notkun á síma eða tölvu í tímum sem ekki við kemur náminu og er kennara heimilt í slíkum tilfellum að gefa nemenda fjarvist (F)

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Námsmat:

Kaflapróf – Kaflaprófin verða 2 til 4 á önninni (teknir fyrir 1 til 3 kaflar í hverju kafla prófi)

Skyndipróf – (1 til 2 Skyndipróf úr afmörkuðu efni)

Verkefni - (Þau verkefni sem eru unnin á önninni)

Hópverkefni – (Hópverkefni verða 1 til 2 á önninni)

Próf - (Samantektarpróf úr því efni sem hefur verið farið í á önninni)

Kennaraeinkunn - (verkefni og virkni)

Mæting

Lokaeinkunn 100%

Vika:	Námsefni:	Dags- mánudagur
1 - 34	Kennsla hefst	18.ágúst
2 - 35	Knapamerki 3 Upphaf þjálfunar eftir frí – Undirbúa þjálfunarverkefni – Lesu Kafla 5 Verkefni – Skýrsla um hest sem þið hafið þjálfað Bygging hestsins og hreyfing - Verkefni	21 -27.ágúst
3 - 36	Knapamerki 3 – Kafli 2 Bygging íslenska hestsins , ræktunarmarkmið – kynbótadómur Myndband – Þjálfun	28.ágúst – 3.sept
4 - 37	Knapamerki 3 - Kafli 3 Andlegt jafnvægi hestsins – Verkefni Myndband – Þjálfun	4.sept-10.sept
5 - 38	Knapamerki 3 – Kaflapróf 1 <i>Horfa á myndbönd og unnið verkefni og ýmislegt annað efni</i>	11.sept – 17.sept
6 - 39	Knapamerki 3 – Kafli 8 og kafli 9 – Stökkþjálfun / Töltþjálfun Ljósrit og annað efni frá kennara - Verkefni	18.sept-24.sept
7 - 40	Knapamerki 3 – Kafli 4 – Gangtegundir íslenska hestsins og annað efni um gangtegundir Verkefni - Hópverkefni um gangtegundir Kaflapróf 2	25.sept- 1.okt
8 - 41	Knapamerki 3 – Kaflapróf eða Skyndipróf (Knapamerki 3 og annað efni sem farið hefur verið í formi myndbanda og annað efni á netinu) Hópverkefni kynning - Nemendur kynni sitt verkefni um Gangtegundir	2.okt- 8.okt
9 - 42	Knapamerki 3 – Kafli 10 - Þjálfunarslár og hindrunarstökk og annað efni frá kennara. (Lesu samhliða einnig kafla 8 Stökkþjálfun) Knapí í góðu jafnvægi á brokki og stökki Hautfrí 12 og 13 Október	9.okt- 15.okt
10 - 43	Knapamerki 3 - Kafli 6 - Að víkja og baugavinna Kafli 7 -Framfótasnúningur og Krossgangur ýmislegt annað efni Kaflapróf 3 - Miðannarmat	16.okt- 22.okt
11 - 44	Knapamerki 3 - Kafli 5 - Þjálfun knapa og hests Áhrif knapa á hest og jafnvægisæfingar Hópverkefni /Einstaklingsverkefni – Nemendur vinni í hópverkefni eða hver fyrir sig. (Þálfun knapa og hests : fimíæfingar – baugavinna, framfótarsnúningur, krossgangur, sniðgangur)	23.okt - 29.okt
12 - 45	Knapamerki 3 – Kafli 5 - Þjálfun hests og knapa Áhrif knapa á hest og jafnvægis æfingar Verkefni - Fyrirlestrar og flutningur á hópverkefni nemenda (fimiæfingar - baugavinna, framfótarsnúningur, krossgangur, sniðgangur)	30.okt - 5.nóv
13 - 46	Verkefnavinna - Hringteymingar - Ljósrit og annað efni frá kennara (Knapamerki 4 – Kafli um Hringteymingar) - Verkefni / Kaflapróf 4	6.nóv - 12.nóv
14 - 47	Verkefnavinna – Upprifjun	13.nóv - 19.nóv
15 - 48	Upprifjun – Vetvangsferð	20.nóv - 26.nóv
16 - 49	Upprifjun – Próf (Samantekt úr öllu námsefni annarinnar)	27.nóv – 3.des
17 - 50	Síðustu kennsludagar 4, 5 og 6 des - Prófavika byrjar 7 og 8 des	4.des – 10.des
18 - 51	Námsmat - Jólafri	11.des – 17.des